

Sýning í Norska húsinu

Heldra heimili í Stykkishólmi á 19. öld



Nokkrar staðreyndir og sögupunktur

Viðirnir í Norska húsið voru fluttir tilsníðnir til Stykkishólms frá Arendal í Noregi. Húsið er um 500 m² og er 15,43 m á lengd, 9,53 m á breidd og hæð undir þakskegg er 5,20 m en 9 m undir mæni.¹ Yfirsniður var Jón snikkari Hjaltalín. Hafði hann lært smíðar í Kaupmannahöfn og sest þar að en Árni kvaddi hann heim til Íslands til að reisa húsið. Á 19. öld bjuggu flestir Íslendingar í torfhúsum og þótti Norska húsið, íbúðarhús Árna og fjölskyldu hans því vera hrein æfintýrahöll en húsið var fyrsta tvílyfta íbúðarhús á Íslandi og eitt af þremur stærstu húsum landsins um áratuga skeið.

Árni Ó. Thorlacius (1802-1891) var af efnafólki kominn. Hann fékk góða menntun í Danmörku og Noregi en nam þó ekki klassísk fræði heldur verslunarfræði, nýmál, siglingafræði o.fl. Hann stundaði verslun og útgerð fyrstu árin sem hann bjó í Stykkishólmi en dró sig út úr þeim rekstri eftir nokkur ár. Eftir það einbeitti hann sér að landbúnaði. Hann átti Grunnasundsnes og var um áratugi umboðsmaður jarðeigna konungs á svæðinu, þ.e. innheimti leigur af jörðum í eigu konungs sem flestar höfðu fallið til hans við siðaskiptin er gerðar voru upptækar allar jarðeignir klaustra. Árni var mikill atgervismaður, selaskutlari frábær, fimleikamaður mikill og karlmenni, sundmaður ágætur og ennfremur hin besta skytta.

Árni beitti sér fyrir ýmsum framfaramálum og var öflugur í sjálfstæðisbaráttunni. Hann var mikill bókavinur og fræðimaður og var fyrsti bókavörður Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi. Hann studdi við bakið á vini sínum Sigurði Breiðfjörð og gaf m.a. út Númerímur á eigin kostnað og tileinkaði Sigurður Árna rímurnar fyrir vikið. Einnig er talið að Árni hafi aðstoðað unga vinnukonu, Júlíönu Jónsdóttur frá Akureyjum við útgáfu ljóðabókarinnar "Stúlka" en Júlíana varð fyrst íslenskra kvenna til að gefa út ljóðabók.

Þekktastur er Árni þó fyrir veðurathuganir sínar sem hann stundaði í um hálfari öld, frá 1845. Hann fékk senda mæla og skráði mælastöður á þartilgerð blöð. Það vekur aðdáun hve nákvæmlega Árni hefur unnið og það gerir vísindamönnum nútímans kleift að nýta sér athuganir hans við skoðun á langtímaferli veðurs. Má gera ráð fyrir að sjómannafræðin hafi orðið til þess að hann byrjaði veðurathuganir en sjómannafræði var Árna mjög hugleikin og lengi var haft fyrir satt að hann hafi rekið sjómannaskóla, þó engar skriflegar heimildir séu til um það.

¹ Byggt á Hörður Ágústsson: "Norska húsið í Stykkishólmi" Árbók Hins Íslenska Fornleifafélags, Rvk. 1989.

Árni var giftur Önnu Magdalenu Steenbach (1807-1894). Foreldrar hennar voru norskir en hún ólst upp á Flateyri þar sem faðir hennar var faktor hjá verslun Henkels. Anna var annáluð húsfreyja, enda þurfti talsverða útsjónarsemi til að reka stórt heimili þar sem mikið var um gestakomur, bæði innlendra og erlendra gesta. Þau hjón eignuðst nokkur börn og af þeim komust fimm til fullorðinsára, Daníel (f.1828), Anna Magdalena Guðrún (f.1829), Ólína Agústa (f.1831), Josephine Antonía (f.1834) og Ólafur Þorleifur (f.1837)²

Eftir lát Árna (1891) gengur húsið úr eigu ættarinnar. Nokkrir eigendur voru að húsinu á 20. öld en lengst af var Norska húsið bæði íbúðarhús og atvinnuhúsnæði, t.d. var hér á ýmsum tímum rekin saumastofa, pakkhús, gistihús og veitingasala. Um skeið var húsið fjölbýlishús og bjuggu þá yfirleitt fjórar fjölskyldur í húsinu.

Árið 1970 tók sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu þá ákvörðun að kaupa Norska húsið í Stykkishólmi fyrir byggðasafn sýslunnar og jafnframt að færa húsið aftur til þess horfs sem það var í þegar Árni Thorlacius lét reisa það árið 1832. Og árið 2001 var opnuð fastasýning hússins á heimili heldri fjölskyldu í þéttbýli þar sem stuðst er við allt það sem til er um innbú og heimilishætti Árna og Önnu Thorlacius.

Lýsing á Norska húsinu

Jarðhæðin

Þegar gengið er inn um aðaldyrnar þá er á vinstri hönd Krambúð Norska hússins en þar var upprunalega sölubúð Árna. Í Krambúðinni er vandað handverk, listmunir, póstkort, minjagripir, gamalt leirtau, kaffi, te, íslenskar jurtablöndur, gamaldags nammi, sultur o.fl. til sölu. Á hægri hönd í anddyrinu er gengið inn í það sem var búr á dögum Árna. Í dag er þar sýningarsalur. Þar inn af er eldhúsið með uppgerðu eldstæði og er eldhúsið einnig nýtt sem sýningarsalur. Yfirleitt eru 3-6 myndlistasýningar settar upp á jarðhæðinni á hverju sumri og 1-2 sýningar fyrir utan sumaropnun. Húsið er opið í desember og er þá sett í jólabúning og skreytt með jólaskrauti frá ýmsum tímabilum.

Miðhæðin

Kabinett

Á stigaskörinni til hægri er "kabinett" Árna, þar sem hann tók á móti landsetum sínum og talaði við þá. Oscar Clausen segir að á borði hafi ætíð staðið ferstrend flaska og sex staup á hvolfi í kringum hana. Árni bauð gestum sínum upp á staup af brennivíni með bitter og drakk Thorlacius alltaf þeim til samlætis. Sátu gestir á bekk sem sagt er að Árni hafi fiskað upp úr sjó við Noregsstrendur, (hér má sjá eftirgerð bekksins). Á vegg aftan við stól Árna er ljósmynd af honum. Gagnstætt er teikning af Sigurði Breiðfjörð. Árni aðstoðaði hann við útgáfu á rímum sínum og tileinkaði Sigurður Árna Númerímur sem taldar eru með bestu verkum hans. Einnig eru hér myndir af þeim Oddi Hjaltalín lækni og sr. Sæmundi Hólmi, presti á Helgafelli sem settu svip á mannlífið fyrir miðja 19. öld.

Ljósakrónan sem hangir í stigaopinu, hékk upprunalega á Regent Palace hótelinu í London. Hótelið var byggt í kring um 1910-1911 og voru ljósakrónurnar á hótelinu úr sömu framleiðslu og eins og ljósakrónurnar sem keyptar voru og settar í hið fræga skip Titanic. Við endurnýjun á innréttingum hótelsins fyrir fáum árum voru ljósakrónurnar m.a., teknar niður og seldar og lenti ein þeirra í Norska húsinu í Stykkishólmi.

² Sjá nánar í: Ólafur og Ásgeir Ásgeirssynir: Saga Stykkishólms, 1. bindi, Sth. 1992 og Ásgeir Ásgeirsson: Saga Stykkishólms, 2. bindi, Sth. 1997.

Dagleg stofa (bláa stofan)

er til vinstri við kabinettið þegar komið er upp stigann. Þar er himnasæng þeirra hjóna og á daginn hefur fólkið setið þar við leik og störf. Hefur stofan verið hituð upp að vetrinum en annars ekki verið lagt í ofninn nema á hátíðum eða þegar góðra gesta var von. Líklega hefur verið hitað upp með mó og mögulega var þetta eini ofninn á hæðinni á fyrstu árum hússins.

Á kaffiborðinu má sjá ljósrit úr uppskriftabók frú Önnu sem kallaðist "den Poetiske Kogebog" en uppskriftirnar í bókinni eru handskrifaðar og settar fram í bundnu máli. Sagt er að maður að nafni Jón Leerbech hafið gefið Önnu bókina árið 1841. Frú Anna var orðlögð fyrir eldamennsku sína og hússtjórn og oft voru góðar veislur í húsinu. Átti matargerðarlist með alþjóðlegu sniði sér nokkurt athvarf í Norska húsinu þótt oftast væri íslenskur matur á boðstólum. Hér má einnig sjá stóra mynd af dóttur þeirra hjóna, Josephine. Hún heldur á ungri stúlku Jósefnu Antoníu Helgadóttur Zoëga en brúðkaupsveisla Jósefnu og enska fiskkaupmannsins Hobbs stóð yfir á Hótel Íslandi þann 24. apríl 1915 þegar kviknaði í hótelinu og það brann til grunna. Josephine Thorlacius giftist hins vegar Boga Thorarensen sýslumanni. (hann var sonur Bjarna Thorarensen sem orti um Odd Hjaltalín en upphaf ljóðsins er: Undrist enginn, upp þó vaxi, kvistir kynlegir, ...). Bogi dó fremur ungur og flutti þá Josephine aftur til Stykkishólms. Hún bjó í húsi sem enn stendur og gengur undir nafninu Frúarhúsið (litla græna húsið á hólnum milli kirkju og Norska hússins). Þá eru hinum megin við dyrnar, myndir af Þorleifi Þorleifssyni (eldra) í Bjarnarhöfn en hann stundaði m.a. alþýðulækningar og sagt er að Möller lyfsali í Stykkishólmi hafi útvegaði honum lyf eins og hverjum öðrum lækni. Fyrir neðan er mynd af Benedict Benedictsens rúðumeistara (skattkröfumaður konungs).

Græna rósamálaða kistan kemur úr eigu Odds Hjaltalíns lækni, fékk hann hana að utan fulla af lyfjum og er hún gjarnan kölluð "lyfjakista Odds".

Á vegg má sjá nokkrar byssur sem minna á að Árni var mikill veiðimaður. Sagan segir að hann hafi átt talsvert safn af byssum og öðrum vopnum og hafi einmitt hengt safnið upp á vegg í stofunni. Á miðju gólfu standa tveir stólar og silfurplettaður samovar ("temaskine") á kistli. Hér eru einnig hefðbundir 19. aldar hlutir en líklegt má telja að heimilisfólk hafi unnið einhverja tóvinnu þótt heldri manna konur hafi frekar broderað fínni dúka. Þó er það tilfinning sem maður hefur að þau hjón Árni og Anna hafi farið sparlega með og nýtt það sem til féll, en Árni var lengst af með búskap.

Skrifstofa

Þegar gengið er inn úr stofunni er komið í lítið herbergi sem hefur verið skrifstofa Árna. Árni hafði áhuga á fornsögunum og lagði mikla vinnu í hugleiðingar um tímatal þeirra, örnefni o.fl. Hann var félagi í "Brjeflega félaginu" sem margir Breiðfirðingar voru í en meðlimir þess sendu sín á milli erindi um landsins gagn og nauðsynjar. Margar merkilegar greinar voru sendar á milli en þær bera þess vott hve umhugað mönnum var um framfarir og eflingu byggðarinnar. Árni var víðlesinn og útlendir gestir nefna það að hann hafi átt mikið safn af bókum og t.d. segir Frederick Metcalfe (prestur og háskólakennari í Oxford) er var hér á ferð 1860 og gisti þá í Norska húsinu. "Gestgjafi minn, herra Thorlacius, umboðsmaður jarðeigna konungs, á frábært bókasafn og virðist hafa lesið allar bækurnar."³ Árni hafði áhuga á vísindum og þá sérstaklega siglingafræðum. Hann skrifaði handrit að bók um þau fræði sem þó var aldrei gefin út. Hugsanlegt er að í tengslum við þennan áhuga hafi Árni byrjað að skrásetja veðurathuganir sínar. Hér má sjá ljósrit úr veðurbókum hans en þau eru aðeins brot af gríðarstóru verki sem Árni skildi eftir sig.

Á borði er ljósspeggill úr vita, einnig teikningar af vita í Elliðaey frá 1849. Gestir geta spreytt sig á að lesa ýmis ljósrit af skjölum sem m.a. eru úr fótum Árna þar sem finna má ýmislegt áhugavert.

Svefnherbergi "gömlu frú Steenbach"

³ Frederick Metcalfe. The Oxonian in Iceland, 290; án ártals.

Úr skrifstofunni er gengið inn í svefnherbergi "gömlu frú Steenbach", þ.e. Önnu Steenbach (1776-1861), tengdamóður Árna, en hún bjó síðustu æviárin hjá dóttur sinni og tengdasyni. Mjög batnaði fjárhagur Thorlaciusar er tengdamóðir hans féll frá, en hún lét eftir sig 16.000 ríkisdali í konunglegum skuldabréfum útgefnum af Þjóðbankanum í Kaupmanahöfn. Einhverju sinni er Árna vanhagaði um peninga er sagt að tengdamóðir hans hafi farið í kistu sína, sópað upp í svuntuna gullpeningum og afhent tengdasyni sínum.

Í skáp er úrval muna er tengjast íslenska búningnum og kvenlegum hannyrðum.

Barnaherbergi

Næst er barnaherbergi. Þau hjónin eignuðust ellefu börn, fimm komust upp en sex dóu á fyrsta ári. Hinn alræmði ungbarnadauði snerti efnaðri heimili ekki síður en þau fátækari.

Á gólfinu má meðal annars sjá lítinn kistil með leggjum og skeljum en íslensk börn notuðu kindabein og skeljar sem bústofn í leikjum sínum.

Á einhverju tímaskeiði hefur þetta herbergi verið notað sem borðstofa og má sjá ferningslagað far í gólfborðunum sem staðfestir það.

Tónlistarherbergi

Þá kemur lítil stofa eða tónlistarherbergið. Það menningarlíf sem tengdist þéttbýlinu var æði fábrotið í upphafi 19. aldar en eftir því sem byggðakjarnarnir eflust fóru heimamenn að reyna sig við ýmsa iðkan. Í Hólminum var mikill áhugi á leiklist. Ung vinnukona, Júlíana Jónsdóttir samdi og tók þátt í uppfærslu á leikþætti sem hét "Víg Kjartans Ólafssonar". Er talið að þar hafi í fyrsta skiptið verið sett upp leikrit eftir íslenska konu. Ólafur sonur Árna samdi einnig leikþætti og honum voru fornsögurnar einnig kærar. Það kemur ekki á óvart að íslensk miðaldaskrif væru í sviðsljósinu enda skiptu þau miklu máli í sjálfstæðisbaráttu landsmanna. Breiðfirðingar voru margir ötulir stuðningsmenn sjálfstæðisbaráttunnar og hugasamir um eflingu innlends stjórnmálalífs. Á borðinu má sjá bréf frá Daníel Thorlacius þar sem mikil andúð á Dönnum kemur fram enda töldu margir að hið danska yfirvald stæði í veginum fyrir framförum.

Tónlistariðkan hefur um langt skeið verið blómleg í Hólminum og sögur eru um að Árni hafi spilað á flautu. Marteinn Þorsteinsson frá Steinaborg í Suður-Múlasýslu var staddur í Hólminum um aldamótin 1900. Hann segir frá aldamótahátíð Hólmara og mikilli veislu í Norska húsinu á nýárskvöld þar sem var spilað á "snjallróma hljóðfæri sem kallað er gramophon" fyrir dansi.⁴

Gestaherbergi

Innst er gestaherbergið. Margir góðir gestir sóttu Árna og Önnu heim, bæði innlendir og erlendir. Til eru nokkur endurminningarbrot frá þessum gestum, sjá til dæmis frá William Morris og Konrad Maurer (í ramma).

Á veggjum má sjá tvær eftirgerðir af vatnslitamyndum W.G. Collingwoods, önnur er frá Helgafelli en hin frá Kóngsbakka í Helgafellssveit.

Á rúminu liggur hitaflaska sem fyllt var með heitu vatni og lögð í rúm.

Stásstofa (græna stofan)

Að síðustu er gengið inn í stásstofuna en þar var tekið á móti fínni gestum. Við vegginn vinstra megin þegar gengið er inn úr gestaherberginu stendur skatthol sem var í eigu Árna og Önnu. Segir Oscar Clausen að á því hafi staðið eftirlíking af einni mynd Thorvaldsens sem var vinargjöf frá Grími Thomsen á Bessastöðum. Einnig eru á skattholinu myndir af sonum Árna og Önnu, Daníel og Ólafi og fyrir ofan skattholið eru ljósmyndir af þeim hjónum og dætrum þeirra Önnu Magdalenu og Ólínu. Myndin lengst til vinstri er af dótturdóttur Árna og Önnu, Önnu Bogadóttur Thorarensen, dóttur Joshepine.

⁴ Þorsteinn Matthiasson. Gengin spor, Rvk. 1969; 99-100

Á veggnum sem snýr að kabinettinu, hægra megin við dyrnar, er eftirgerð af málverki af föður Árna, Ólafi Thorlacius og á veggnum, hinum megin við dyrnar, er elsta mynd sem til er af Stykkishólmi, tekin árið 1868 af Sigfúsi Eymundssyni. Fyrir miðju eru íveruhús Páls Melsteðs amtmanns. Egilsenshús er nýreist og t.v. við það sést í íbúðarhús Bergs Thorbergs amtmanns. Norska húsið sést hægra megin á myndinni.

Þá má sjá tvo útskorna stóla með háum böfum sem voru í eigu þeirra hjóna og voru ætlaðir húsbændunum. Hin glæsilega enska standklukka frá 1750-60 er einnig úr búi Árna og Önnu en sagt er að Árni hafi keypt hana í Kaupmannahöfn árið 1835 eða 1836. (Í eigu Þjóðminjasafns Íslands).

Ris

Á dögum Árna Thorlacius var risið notað sem geymsla. Þar voru margar kistur og í þeirri stærstu var lín á 12 sængur úr vönduðum hör. Einnig voru þar margir bókakassar, reiðtygi o.fl. Þá var í risinu 6 álna löng taurulla, fyllt grjóti og fylgdu henni 6 sívalir stokkar og var ekki meðfæri barna eða unglunga að hreyfa hana. Í dag er í risinu opin safngeymsla þar sem sjá má hluti úr sýslunni frá ýmsum tímum og lífsháttum og geta gestir upplifað þar sannkallaða háalofsstemningu. Einnig geta gestir glögtgvað sig á hinum miklu viðum sem húsið er byggt úr og skoðað hvernig bjálkarnir sem halda uppi húsinu eru skeyttir saman.

Uppsetning sýningarinnar "Heldra heimili í Stykkishólmi á 19. öld" á miðhæð Norska hússins sem opnaði 14. júní 2001:

Sýningarhönnuður: Steinþór Sigurðsson í samvinnu við
Sigrúnu Ástu Jónsdóttur
Smíðir: Lárus Pétursson, Ágúst Bjartmars
Málun og útfærsla: Jón Svanur Pétursson
Saumaskapur: Jóhanna Guðbrandsdóttir
Ljós og rafmagn: Sigurþór Guðmundsson
Umsjón og textar: Aldís Sigurðardóttir, Sigrún Ásta Jónsdóttir

Við viljum þakka Þjóðminjasafni Íslands fyrir lán á gripum og Amtsbókasafninu í Stykkishólmi fyrir lán á bókum.

Norska húsið er í eigu Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla.
Byggðasafnið er rekið af Héraðsnefnd Snæfellinga og forstöðumaður þess er Aldís Sigurðardóttir
Heimilisfang: Hafnargata 5, 340 Stykkishólmur,
sími: 438 1640, 866 6652, netfang: norskhus@simnet.is

Húsið er á sumrin opið daglega milli kl. 11:00 og 17:00
en á öðrum tímum eftir samkomulagi.